

Sp.

100. Fyrirspurn

[96. mál]

til utanríkisráðherra um ráðstafanir til varnar mengun af völdum olfuleka frá eldsneytisgeymum bandaríska herliðsins á Keflavíkurlflugvelli.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hve mikið af olíu eða bensíni er geymt á tönkum á svæðum sem liggja svo nærri vatnsbólum Keflvíkings og Njarðvíkinga að hætta geti stafað af ef leki verður úr tönkum eða leiðslum?
2. Með hvaða hætti hefur verið fylgst með því að ekkert fari úrskeiðis og hvað brast í því eftirliti þegar 75 þúsund lítrar af olíu hafa runnið í jörðina að undanfögnu?
3. Hver er hlutur íslenskra heilbrigðisyfirvalda eða annarra íslenskra aðila í eftirliti með geymslu eða mælingum á mengun vegna olfuleka á þessu svæði?
4. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að auka eftirlit með geymslu olíubirgða á þessu svæði?
5. Hvenær má gera ráð fyrir að hugsanlegar orsakir mengunar og öll mengunarhætta af völdum geymslu á olíu eða bensíni í þágu bandaríska hersins á Keflavíkurlflugvelli verði upprætt á þessu svæði?

Skriflegt svar óskast.